

## Orðtök 1 – verkefni

Tengdu saman það sem passar saman:

Að reka upp stór augu.

Vita ekki hvað maður er að gera.

Að velta vöngum yfir.

Vera ákveðinn.

Að leggja árar í bát.

Vita ekkert um tiltekið málefni.

Að hafa bein í nefinu.

Verða hræddur.

Að skjálfa á beinunum.

Verða hissa.

Að vera úti að aka.

Hugsa um.

Að koma af fjöllum.

Gefast upp.

**Skrifaðu setninguna upp og settu orðtak í stað undirstrikuðu orðanna:**

Palli vissi ekkert um að það ætti að vera aukaæfing í fótbolta.

---

---

Sigga vissi ekki hvað hún var að gera á hljómsveitaræfingunni.

---

---

Óli var hræddur þegar stóri hundurinn hljóp geltandi að honum.

---

---

Nýi kennarinn er ákveðinn.

---

---

Anna gafst upp í maraþonhlaupinu.

---

---

Davíð hugsaði um hvern hann ætti að kjósa í nemendaráð.

---

---

Ásta varð mjög hissa þegar hún sá jólasveininn í júlí.

---

---

Hvaða orðtak passar við myndina?

---

---

---



---

---

---

---

---

---

